



## Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu í Reykjavík

Á grundvelli 29 gr.laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr.40/1991 og 25.gr.laga um málefni aldraðra nr.125/1999.

### **1.gr. Greiðslur**

Notandi greiðir kr. 530 fyrir hverja unna vinnustund á dagvinnutíma. Gjaldið miðast við 30% af kostnaði við virka vinnustund í heimaþjónustu á ársgrundvelli og er gjaldið endurskoðað árlega.

Kvöld og helgarþjónusta er endurgjaldslaus.

### **2.gr.**

#### **Undanþága frá greiðslu / lækkun greiðslu**

Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir notendur sem einungis hafa tekjur frá TR (ellilífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót), kr. 148.977 fyrir einstakling og kr. 243.470 fyrir hjón miðað við janúar 2009, eða tekjur sem samsvara þeirri fjárhæð.

Upphæðir munu hækka 1.janúar ár hvert í samræmi við hækkun á bótum almannatrygginga.

Þeir notendur heimaþjónustu sem hafa tekjur umfram tekjur frá TR eða samsvarandi fjárhæð, greiða aldrei hærri upphæð fyrir þjónustu en sem nemur 50% af umframtekjum.

Þjónusta umfram 10 vinnustundir á viku á hvert heimili er endurgjaldslaus.

### **3.gr.**

#### **Ákvörðun um lækkun eða niðurfellingu**

Ákvörðun um lækkun eða niðurfellingu á greiðslu notenda heimaþjónustu er tekin af starfsmanni þjónustumiðstöðva og skal lögð fyrir fund matshóps til afgreiðslu.

### **4.gr.**

#### **Málskot**

Ákvörðun um synjun á lækkun eða niðurfellingu greiðslu vegna heimaþjónustu má skjóta til velferðarráðs Reykjavíkurborgar. Skal það gert skriflega og eigi síðar en 4 vikum eftir að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

Ákvörðun velferðarráðs má skjóta til úrskurðarnefndar félagsþjónustu Hafnarhúsínu v.Tryggvagötu. Skal það gert eigi síðar en 4 vikum frá því að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

### **5.gr.**

#### **Gildistaka**

Samþykkt í velferðarráði 12.september 2007 og í borgarráði 15. nóvember 2007.

Borgarstjórn samþykkti á fundi 7. október 2008 að gjaldskrár fyrir grunnþjónustu verði óbreyttar að svo stöddu sbr. aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar vegna breytinga í fjármála- og atvinnuumhverfi. Samkvæmt því er meðfylgjandi gjaldskrá gildandi.

Gjaldskrá þessi gildir frá og með 1. janúar 2009.